

Fundargerð 153. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 04. mars 2020, kl. 12.00, haldin á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ.

Mættir: Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður,
Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarmaður
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Ásta Lárusdóttir kom inn á fund stjórnar og sat lið nr. 3, 4 og 5.

Stjórn bauð Pálma Frey Randversson, nýjan framkvæmdastjóra Kadeco velkominn til starfa.

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar.*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Starfsreglur stjórnar.*

Stjórnarformaður fór yfir drög að starfsreglum stjórnar. Stjórn samþykkti starfsreglur stjórnar og undirritaði þær.

3. *Rekstraráætlun 2020.*

Ásta Lárusdóttir fjármálastjóri kom inn á fund stjórnar og fór yfir drög að rekstraráætlun 2020.

4. *Fjármagnsskipan félagsins.*

Stjórnarformaður ræddi um fjárstýringu eigna Kadeco. Stjórn var sammála um að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að skoða leiðir og verkferla.

5. *Ársreikningur 2019 – drög lögð fram til kynningar.*

Fjármálastjóri fór yfir drög að ársreikningi 2019.

Fjármálastjóri vék af fundi stjórnar.

6. *Þjónustusamningur við ríkið.*

Stjórnarformaður tók umræðu um þjónustusamning félagsins við ríkið. Umræður.

7. *Lóðarleigusamningur í Helguvík.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um áhuga erlends aðila á lóð í Helguvík. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Handwritten notes in blue ink: "OK", "etc BS", "SS".

8. Önnur mál.

a. Græn skref Kadeco.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn þátttöku Kadeco í Grænum skrefum í ríkisrekstri.

b. Fluglestin.

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um nýliðinn fund með framkvæmdastjóra Fluglestarinnar.

Engin önnur mál voru borin upp undir þessu lið.

Næsti fundur stjórnar verður í apríl 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.

Ysak E. Kristinsson
Sveinn Þorvaldad
Alur hi Alur
Peyri Sæuðsson
Elin Arnard